



Seltjarnarnesbær

Ársskýrsla 2019

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Fulltrúar Seltjarnarnesbæjar í nefndum og stjórnnum	4
Fulltrúar Seltjarnarnesbæjar í samstarfsnefndum/verkefnum	5
Umhverfissvið	6
Félagsþjónustusvið	9
Fjárhags- og stjórnsýslusvið	15
Íþrótt- og tómstundasvið	17
Fræðslusvið	20
Menningar- og samskiptasvið	30

Inngangur ársskýrslu Seltjarnarness 2019

Ársskýrsla Seltjarnarness 2019 samanstendur af greinargerðum sviðsstjóra sviða og tölulegum hluta sem inniheldur upplýsingar vegna samantekins A- og B- hluta. Á liðnu ári hefur óháður rekstraraðili HLH ehf., tekið út stjórnýslu, rekstur og fjármál Seltjarnarnesbæjar, fyrir bæjarstjórn. Þar kemur fram að hagræðing þýðir ekki niðurskurður heldur jafnvel betri þjónusta fyrir minna fé – ný hugsun gegn viðjum vanans. Ávallt þarf að skoða vel alla útgjaldaþætti og spyrja áleitinna spurninga um eðli og tilgang. Enn er mikil óvissa um þróun helstu hagstærða á næstunni. Ljóst er að árið 2019 var erfitt í íslenskum þjóðarbúskap.

Atvinnuleysi hefur verið að aukast á Seltjarnarnesi sl. mánuði. Allar spár s.s. Seðlabanka og fjármálaráðuneytis, gera ráð fyrir að atvinnuleysi verði meira á nýju ári en á árinu 2019. Sú aukning mun vafalítið hafa mikil áhrif á tekjumyndun og launaþróun og því umtalsverð óvissa um þróun atvinnulífsins á næsta ári.

Nýtt deiliskipulag fyrir Byggarða er nú á loka metrunum. Skipulagið gerir ráð fyrir fjölbreyttu byggðamynstri þar sem áhersla er á fjölskylduvænt umhverfi í nálægð við náttúru- og útivistarsvæði.

Seltjarnarnesbær er nú að innleiða „Heilsueflandi samfélag“ í samstarfi við Embætti landlæknis. Heilsueflandi samfélag er heildræn nálgun sem Embætti landlæknis vinnur að í samstarfi og samráði við sveitarfélög, opinberar stofnanir, frjáls félagasamtök o.fl.

Í samfélagi okkar eru umhverfismál og verndun náttúrunnar sífellt mikilvægari. Vistvænar aðgerðir hafa á síðustu árum verið í forgangi hjá bæjarstjórn og margt áunnist.

Ég vil nota tækifærið og þakka bæjarstjórn samstarfið og öllu því góða starfsfólki Seltjarnarnesbæjar öflugt starf fyrir bæjarfélagið á árinu 2019.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri.

Fulltrúar Seltjarnarnesbæjar í nefndum og stjórnnum 31. des. 2019

Bæjarstjórn Seltjarnarness

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri
Magnús Örn Guðmundsson, forseti bæjarst.
Bjarni Torfi Álfþórsson
Guðmundur Ari Sigurjónsson
Sigrún Edda Jónsdóttir
Karl Pétur Jónsson
Sigurþóra Steinunn Bergsdóttir

Fjölskyldunefnd

Bjarni Torfi Álfþórsson, formaður
Árni Ármann Árnason
Sjöfn Þórðardóttir
Sigurþóra Bergsdóttir
Ragnar Jónsson

Bæjarráð

Magnús Örn Guðmundsson, formaður
Sigrún Edda Jónsdóttir
Guðmundur Ari Sigurjónsson

Íþróttá- og tómstundanevnd

Sigríður Sigmarsdóttir, formaður
Kristján Hilmir Baldursson
Lárus Gunnarsson
Helga Carlotta Reynisdóttir
Saga Ómarsdóttir

Yfirkjörstjórn

Davíð B. Gíslason
Árni Ármann Árnason
Gunnlaugur Ástgeirsson

Menningarnefnd

Guðrún Jónsdóttir formaður
Guðni Sigurðsson
Þórdís Sigurðardóttir
Stefanía Helga Sigurðardóttir
Margrét H. Gústavsdóttir

Skipulags- og umferðarnefnd

Ragnhildur Jónsdóttir formaður
Ingimar Sigurðsson
Sigríður Sigmarsdóttir
Ragnhildur Ingólfisdóttir
Þorleifur Örn Gunnarsson

Skólanevnd

Sigrún Edda Jónsdóttir formaður
Ragnhildur Jónsdóttir
Guðmundur Helgi Þorsteinsson
Hildur Ólafsdóttir
Björn Gunnlaugsson

Umhverfisnefnd

Hannes Tryggvi Hafstein, formaður
Hákon Jónsson
Guðrún Jónsdóttir
Karen María Jónsdóttir
Dagbjört H. Kristinsdóttir

Fulltrúar Seltjarnarnesbæjar í samstarfsnefndum/verkefnum

Almannavarnarnefnd

Ásgerður Halldórsdóttir

Reykjanesfólkvangur

Margrét Pálsdóttir

Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Magnús Örn Guðmundsson

Stjórn Sorpu

Bjarni Torfi Álfþórsson

Fulltrúarráð Brunabótafélags Íslands

Ásgerður Halldórsdóttir

Stjórn Strætó

Sigrún Edda Jónsdóttir

Fulltrúarráð Eirar

Jónína Þóra Einarsdóttir

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Ásgerður Halldórsdóttir

Fulltrúaráð SSH

Magnús Örn Guðmundsson
Guðmundur Ari Sigurjónsson

Svæðisskipulag SSH

Ragnhildur Jónsdóttir

Fulltrúaráð Sorpu

Magnús Örn Guðmundsson

Veitustofnanir - stjórn

Ásgerður Halldórsdóttir
Friðrik Friðriksson
Guðmundur Jón Helgason
Garðar Gíslason
Magnús Rúnar Dalberg

Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis

Hannes Tryggvi Hafstein
Magnús R. Dalberg

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ásgerður Halldórsdóttir
Magnús Örn Guðmundsson
Guðmundur Ari Sigurjónsson

Öldungaráð Seltjarnarnesbæjar

Petrea I. Jónsdóttir, formaður
Kristján Hilmir Baldursson
Guðmundur Ari Sigurjónsson
Sólveig Þórhallsdóttir
Þóra Einarsdóttir
Birgir Vigfússon
Magnús Oddson

Endurskoðandi

Grant Thornton

Umhverfissvið

Aðsetur: Austurströnd 2 og í Áhaldahúsi Austurströnd 1

Sími: 5959 100

Veffang: www.seltjarnarnes.is

Vefpóstur: postur@seltjarnarnes.is

Sviðsstjóri umhverfissviðs, forstöðumaður veitna: Gísli Hermannsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi:

Afgreiðslutími: Mánud. – fimmtud. frá kl. 8:45 – 16:00.

Föstudaga frá kl. 8:45-14:00

Fjöldi starfsfólks: 13

Fjöldi stöðugilda: 13

Umhverfissvið fer með umhverfis- og byggingarmál. Það hefur umsjón með öllum framkvæmdum á vegum bæjarins, byggingareftirliti, brunavörnum, viðhaldi á fasteignum bæjarins, gatna-, vatns- og fráveitukerfum, garðyrkju, vinnuskóla og umhverfismálum. Bygginga- og umhverfissvið fer einnig með málefni áhaldahúss, smábátahafnar og landsupplýsingakerfis.

Í afgreiðslu bæjarskrifstofu, Austurströnd 2 eru afgreiddar allar rafmagns-, bygginga- og verkfræðiteikningar húsa í bænum. Þar liggja umsóknareyðublöð vegna skipulagsmála-, byggingaframkvæmda og uppáskrifta iðnmeistara og móttekin gögn til skipulags- og byggingarfulltrúa og skipulags- og mannvirkjanefndar.

Verkefni bæjarins á sviði byggingarmála

Töluverð vinna var við og á svæði í kringum nýtt íþróttahús/ stækkun þess. Einnig var unnið í viðhaldi á félagslegu íbúðarhúsnæði. Í félagsheimilinu og ýmsum öðrum stofnunum var einnig unnið umtalsvert viðhald. Leikskólarnir fengu hefðbundið viðhald.

Þjónustumiðstöð

Þjónustumiðstöð sér um rekstur áhaldahúss, eignasjóðs og veitna, gatnaframkvæmdir, opin svæði m.m.

Starfsmenn Þjónustumiðstöðvar unnu að margvíslegum viðhalds- og þjónustuverkefnum á árinu, auk þess að sinna verkefnum sem bæjarstjóri, veitustjóri, garðyrkjustjóri eða aðrir forstöðumenn stofnana óskuðu eftir. Nokkuð var um nýframkvæmdir og viðhaldsvinnu við dreifikerfi veitustofnana, gatna-, gangstétta og göngustíga. Viðhald fasteigna, bæði húseigna og lóða þ.m.t. leiksvæða í eigu bæjarins voru stór þáttur í starfseminni. Snjómokstur og hálkueyðing var töluvert mikil í ár.

Sumarstarfsemi áhaldahússins var með hefðbundnu sniði.

Eins og venja er var töluvert ráðið af sumarstarfsfólki. Unnið var í sjö tíma á dag fjóra daga vikunnar, en ekki var unnið á föstudögum. Verkefnin eru fjölbreytt, t.d. almennur sláttur opinna svæða, kerfill og njóli sleginn og málningarvinna var bæði úti og inni. Dæmi um útivinnu

var umferðarmerki, götur, staurar. Leiksvæði í bænum voru hreinsuð og máluð. Öll niðurföll voru hreinsuð. Auk þess var unnið við ýmis viðhaldsverkefni.

Bæjarverkfræðingur

Bæjarverkfræðingur hefur umsjón með öllum framkvæmdum á vegum bæjarins sem snúa að gerð og viðhaldi á götum, gangstéttum, ljósastaurum, vatns- og fráveitukerfum. Einnig fer hann með málefni er snúa að hljóðvörnum, sorphreinsun, smábátahöfn, umhverfisöryggismál og sjóvarnargarða innan sveitarfélagsins. Á árinu 2019 var talsverð samvinna, með Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Umhverfisstofnun, að ýmsum málefnum. Það má m.a. nefna málefni er varða sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu og vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið. Einnig var unnið að nýju deiliskipulagi á bygggarðasvæðinu

Viðhald gatnakerfis og gangstétta

Verktaki var ráðinn til að sópa allan bæinn. Þess utan var unnið að almennu viðhaldi á umferðarmerkjum og merkingu bílastæða. Nokkuð var um malbiksviðgerðir og hellulagnir á árinu.

Framkvæmdir við smábátahöfn og sjóvarnargarða

Hefðbundið viðhald var við Smábátahöfn og sjóvarnargarða. Í lok árs var farið í nokkuð umfangsmikið viðhald á sjóvarnargörðum fyrir neðan Bygggarða í átt að Snoppu sem og á nokkrum stöðum við golfvöllinn.

Veitustofnun Seltjarnarness (hitaveita, fráveita og vatnsveita).

Skrifstofa hitaveitunnar er staðsett í Þjónustumiðstöð bæjarins að Austurströnd 1.

Helstu verkefni veitustofnana árið 2019.

Unnið var að viðhaldi og viðgerðum í dreifikerfi hita- og fráveitu. Starfsmenn Þjónustumiðstöðvar sinntu reglubundnu viðhaldi sem og vinnu við að leggja stofnlagnir.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis

Þverholti 2, 5. hæð, 270 Mosfellsbær

Sími: 525 6795 Bréfsími: 525 6799

Veffang: www.eftirlit.is

Framkvæmdastjóri: Þorsteinn Narfason

Um heilbrigðiseftirlitið

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis (HEK) er rekið sameiginlega af Kjósarhreppi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi. Hlutverk heilbrigðiseftirlits er að sjá um að ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sé framfylgt. Einnig ákvæðum reglugerða, heilbrigðissamþykktu og ákvæðum í sérstökum lögum og reglum sem heilbrigðisnefndum er, eða kann að vera falið að annast framkvæmd á.

Neysluvatn

Gæði vatns á Seltjarnarnesi er góð en vatnið kemur úr dreifikerfi eða vatnsbóli Reykjavíkur. Undanfarin ár hafa gæði frá aðkeyptu neysluvatni frá Orkuveitu Reykjavíkur haldist stöðug og öll sýni verið innan viðmiðunarmarka. Heilbrigðiseftirlitið fylgdist reglulega með neysluvatni á árinu, samkvæmt reglugerð um neysluvatn, en eftirlitið felur í sér sýnatökur, úttekt á innra eftirliti og mannvirkjum. Viðgerðum á lekum í dreifikerfinu var sinnt, jafnframt því sem unnið var með SSH og tæknimönnum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið.

Fráveita

Á Seltjarnarnesi er öllu skólpi dælt í hreinsistöðina við Ánanaust. Reglubundið viðhald var á dælustöðvum fráveitukerfisins. Reglubundin vöktun á strandlengjunni á Seltjarnarnesi hefur farið fram í mörg ár. Fjórir sýnatökustaðir eru vaktaðir á ári hverju og sýni tekin til að kanna saurkólímengun.

Vinnuskólinn

Vinnuskóli var starfræktur fyrir aldurshópinn 14 - 17 ára. Elsti árgangur vinnuskólans hefur lokið fyrsta ári í framhaldsskóla. Tveir eldri árgangarnir voru í vinnu 7 tíma á dag en tveir yngri voru í 3,5 tíma á dag. Unnið er fjóra daga vikunnar. Vinnuskólinn var starfræktur í júní og júlí.

Meginuppistaða í verkefnum vinnuskólans voru sláttur, almenn garðyrkjustörf, gróðursetning, hreinsun beða, götuhreinsun, málningarvinna og almenn fegrun á umhverfinu. Gott félagslíf er í vinnuskólanum.

Félagsþjónustusvið

Aðsetur: Mýrarhúsaskóli eldri við Nesveg

Sími: 5959 100

Bréfsími: 5959 101

Veffang: www.seltjarnarnes.is

Afgreiðslutími: Mánudaga – fimmtudaga frá kl. 8:00 – 16:00

Föstudaga frá kl. 8:00 - 14:00

Félagsmálastjóri: Snorri Aðalsteinsson

Fjöldi starfsmanna: 46

Fjöldi stöðugilda: 29,7

Félagsþjónustan er til húsa í Mýrarhúsaskóla eldri við Nesveg. Þar starfa auk félagsmálastjóra 2 félagsráðgjafar í 2 starfsgildum og deildarstjóri í stoðþjónustu sem einnig hefur umsjón með þjónustu við fatlað fólk. Veitt er félagsleg ráðgjöf, tekið við umsóknum um félagslega þjónustu, unnið úr þeim og lagt mat á þjónustubörf. Félagsráðgjafar á skrifstofu félagsþjónustu starfa einnig við barnavernd sem er eitt af stærstu verkefnum félagsþjónustunnar. Deildarstjóri í öldrunarþjónustu lét af störfum á árinu en ráðinn var deildarstjóri stoðþjónustu sem sinni bæði aðstoð við aldraða og málefnum fatlaðara. Í mars tók til starfa uppeldisfræðingur sem sinnir leiðsögn og ráðgjöf í barnavernd inni á heimilum og annast móttöku og ráðgjöf við flóttafólk. Báðir félagsráðgjafarnir létu af störfum á árinu og voru aðrir ráðnir í þeirra stað.

Fjölskyldunefnd

Fjölskyldunefnd fer, í umboði bæjarstjórnar, með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í bæjarfélaginu og félagsleg húsnæðismál samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem bæjarstjórn felur henni. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Seltjarnarnesbæjar hverju sinni. Fjölskyldunefndin fer einnig með hlutverk barnaverndarnefndar og jafnréttisnefndar. Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði frá ágúst fram í maí en sjaldnar yfir sumarið. Nefndin fundaði 10 sinnum á árinu. Bjarni Torfi Álfþórsson er formaður.

Félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð

Svipaður fjöldi leitaði félagslegrar aðstoðar og ráðgjafar og árið áður. 43 fjölskyldur fengu fjárhagsaðstoð en voru 45 á árinu 2018. Algengast er að fólk leiti eftir aðstoð og ráðgjöf í kjölfar minnkandi vinnu, vegna langvarandi veikinda eða vegna atvinnumissis en einnig vegna tekjusamdráttar og erfiðleika við að láta enda ná saman. Vinna félagsráðgjafa felst m.a. í ráðgjöf, stuðningi og leiðbeiningum auk þess að leggja mat á umsóknir um félagslega aðstoð og að beina fólki eftir atvikum í endurhæfingar- og meðferðarúrræði. Algengast er að fólk fái tímabundið fjárhagsaðstoð og var meðaltímalengd aðstoðar 3,0 mánuðir en 3,5 árið áður.

Móttaka flóttamanna

Seltjarnarnesbær gerði samkomulag við Velferðarráðuneytið um að taka á móti 4 – 5 flóttamönnum frá Úganda. Fyrsti flóttamaðurinn kom í júní en 3 til viðbótar komu í september. Hlutverk bæjarins er að útvega þeim húsnæði, styðja þá fjárhagslega og leiðbeina þeim og aðlaga að íslensku samfélagi. Það er líka markmið að koma þeim í vinnu eða til náms. Leigðar

eru tvær íbúðir fyrir þessa fjóra flóttamenn. Flóttafólkið er allt á þrítugsaldri. Sérstakur verkefnastjóri hefur skipulagt móttöku flóttafólksins, annast ráðgjöf og ýmsa þjónustu fyrir það.

Móttaka flóttafólksins er liður í ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 12. október 2018 þar sem samþykkt var að bjóða allt að 75 einstaklingum, sem hafa stöðu flóttafólks samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, til Íslands árið 2019. Ríkisstjórnin ákvað að taka annars vegar á móti hins vegin flóttafólki frá Kenía og hins vegar sýrlensku fólki sem er í Líbanon. Markmiðið var að finna flóttafólkinu heimili í mismunandi bæjarfélögum og veitir ríkið þeim bæjarfélögum sérstakan stuðning til að mæta kostnaði.

Húsaleigubætur – sérstakur húsnæðisstuðningur

Greiðslur almennra húsnæðisbóta til leigjenda íbúðarhúsnæðis eru verkefni Íbúðalánasjóðs og greiðast bæturnar úr ríkissjóði. Sérstakur húsnæðisstuðningur sem greiddur er til viðbótar almennum húsnæðisbótum er á vegum bæjarfélaganna. Alls fengu 47 fjölskyldur greiddan sérstakan húsnæðisstuðning á árinu auk þess að fá almennar húsnæðisbætur. Útgjöld vegna húsnæðisstuðningsins voru 7,6 milljónir á árinu.

Atvinnuleysi

Að meðaltali voru um 72 atvinnulausir skv. atvinnuleysisskrá Vinnumálastofnunar á s.l. ári en voru 53 árið áður. Stofnunin sér um skráningu atvinnulausra, vinnumiðlun og greiðslu atvinnuleysisbóta. Í upphafi ársins voru 58 skráðir atvinnulausir en í lok ársins voru 81 skráðir. Atvinnuleysi jókst talsvert á árinu, sérstaklega eftir mitt árið.

Barnavernd

Svipaður fjöldi barnaverndarmála var til meðferðar og árið áður. Þrjú börn voru í fóstri í lok ársins en stuðningsfjölskyldur tóku einnig að sér börn í tímabundnar dvalir. Barnaverndartilkynningar á árinu voru 87 en alls bárust 48 tilkynningar v. barna samanborið við 54 tilkynningar á árinu 2018. Þegar tilkynningar berast til barnaverndar er í flestum tilvikum ákveðið að hefja könnun, eða þá að mál eru þegar í könnun eða í opinni vinnslu. Að könnun lokinni er staða hvers máls metin og ákvörðun tekin um hvort þörf sé á frekari aðgerðum af hálfu barnaverndarstarfsmanna. Starfsmenn sóttu námskeið Barnaverndarstofu ætluð starfsmönnum í barnavernd.

Forvarnir

Samráðshópur um áfengis- og vímuvarnir fundaði tvisvar á árinu. Niðurstöður árlegrar könnunar Rannsóknar og Greiningar sýna að neysla áfengis- og vímuefna fer vaxandi meðal unglunga á landsvísu og á það einnig við á Seltjarnarnesi. Brugðist hefur verið við með aukinni fræðslu og samstarfi við foreldra, auk fræðslu til barna og unglunga. Fíkniefnalögreglumenn komu á fund hópsins og gerðu grein fyrir sölu og dreifingu fíkniefna á netinu og hinum ýmsu samfélagsmiðlum og er það mjög breytt umhverfi frá því sem var. Þessi nýi veruleiki gerir lögreglunni erfiðara fyrir að upplýsa fíkniefnadreifingu. Þá hefur heldur dregið úr íþróttaiðkun barna og unglunga og notkun veips fer vaxandi. Ljóst er því að foreldrar og forvarnaraðilar þurfa að halda að vöku sinni og reyna að sporna við fótum gegn aukinni neyslu vímuefna. Foreldrarölt hefur verið um helgar frá haustinu.

Þjónusta við aldraða - félags- og tómstundastarf, dagdvöl, mötuneyti

Í þjónustumiðstöð eldra fólks á Skólabraut 3 – 5 starfa 8 manns við þjónustu í þágu eldri borgara. Þar fer fram félags- og tómstundastarf og mötuneyti er opið flesta daga ársins. Í húsinu á Skólabraut 3-5 eru einnig 38 íbúðir flestar í eigu aldraðra en nokkrar eru leiguíbúðir.

Í Eiðismýri 30 eru 26 eignaríbúðir fyrir 60 ára og eldri. Á fyrstu hæð er salur þar sem fólki býðst hádegisverður gegn gjaldi. Einnig er salurinn nýttur til spila og annarra tilfallandi viðburða.

Dagdvöl aldraðra

Dagdvöl fyrir aldraða var starfrækt á Skólabraut 5 fram til 1. október en þá fluttist hún í aðstöðu í nýja hjúkrunarheimilinu Seltjörn. Níu manns gátu verið samtímis í dagdvölinni og voru sumir alla virka daga en aðrir 2 – 3 daga í viku. Í nýju dagdvölinni eru rými fyrir milli 20 til 30 manns. Dagdvölin á Skólabraut hefur verið starfrækt frá ársbyrjun 2005 eða í 15 ár og þjónaði ágætlega hlutverki sínu fyrir eldra fólk sem þarfnast stuðnings og á erfitt að dvelja heima yfir daginn.

Félags- og tómstundastarf eldra fólks

Ágætis þátttaka var í fjölbreyttu félags- og tómstundastarfi eldri bæjarbúa. Vetrarstarfinu 2018 - 2019 lauk eins og venja hefur verið með þriggja daga handverkssýningu í lok maí. Yfirstjórn félagsstarfsins færðist um haustið til fræðsluviðs.

Heimaþjónusta

Starfsmenn heimaþjónustu sinna því mikilvæga verkefni að styðja aldraða og aðra við ýmsa þætti heimilishalds sem gerir þeim unnt að búa sem lengst heima. Þessi þjónusta hefur verið að eflast og er aukin áhersla lögð á umönnunar- og félagslega þáttinn. Aldraðir hafa á síðustu árum verið útskrifaðir fyrr heim eftir veikindi en áður var vegna mikils álags sem ríkir á bráðamóttökum spítalanna. Það hefur kallað á breyttar áherslur í heimaþjónustu, kvöld- og helgarþjónustu og aukna þjónustu í formi lengri viðveru og tíðari heimsóknna á heimili notenda. Aukin samvinna er við heimahjúkrun um skiptingu verka á þeim heimilium þar sem báðir aðilar veita þjónustu. Auk þess fær fólk aðstoð við hefðbundin þrif og hefur verktaki annast þjónustu á liðlega 25 heimilum þar sem eingöngu er óskað eftir heimilisþrifum. Veitt var kvöld- og helgarþjónusta til þeirra sem þurfa aðstoð við lyfjagjöf, mat, viðveru á matartímum og aðstoð fyrir svefninn. Hefur heimaþjónustan á að skipa fjölhæfum starfsmönnum sem sumir hafa orðið margra ára mjög dýrmæta reynslu í starfi. Alls fengu 130 heimili heimaþjónustu á árinu. Þar af voru heimili aldraðra 114, heimili öryrkja 14 og 2 heimili vegna veikinda og annars.

Heimilisþjónusta, skipting vinnustunda eftir tegundum heimila og aldri (neðri taflan):

	Fjöldi vinnustunda	Fjöldi
Skilgr.heimilis	þrif og innlit	heimila
Heimili eldra fólks, 65 og eldri	8162	114
Heimili öryrkja	1639	14
Heimili önnur	126	2
Samtals:	9927	130
Nánari aldursgreining á heimilum eldra fólks (aldur þjónustuþega)	Fjöldi heimila	
65 - 74 ára	18	
75 - 79 ára	22	
80 ára og eldri	74	
Samtals:	114	

Öldungaráð Seltjarnarness

Ráðið var skipað 5 fulltrúum í upphafi ársins. Endurskipað var í ráðið á fundi Bæjarstjórnar Seltjarnarness 23.01.2019 og varð ráðið þá 7 manna vegna breytinga á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Skipaði bæjarstjórn einn fulltrúa til viðbótar sínum tveimur fulltrúum og einn fulltrúi var skipaður af hálfu Heilsugæslustöðvarinnar á Seltjarnarnesi en þaðan hafði ekki verið áður fulltrúi. Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi skipaði 3 fulltrúa líkt og verið hefur. Starfsmaður ráðsins er félagsmálastjóri. Ráðið hélt fjóra fundi á árinu. Formaður þess er Petrea Ingibjörg Jónsdóttir.

Ráðið fjallaði um heilsueflingu eldri borgara og ræddi ýmsar leiðir til að gera hana almennari og virkja fleiri eldri borgara í að efla hreyfingu og hreysti. Öldungaráð hvatti bæjarstjórn til að gæta hófs í hækkunum gjalda vegna þjónustu við eldri borgara. Rætt var um leiðir til að koma upplýsingum til íbúa á sem virkastan hátt. Óskað var umsagnar ráðsins í umsóknum frá aðilum sem sóttu um leyfi til að reka þjónustu á sviði velferðarmála. Kynnt var félags- og tómstundastarf eldra fólks og hvaða nýjunga væri að vænta þar.

Hjúkrunarheimilið Seltjörn

Laugardaginn 2. febrúar 2019 var nýja hjúkrunarheimilið vígt og heiti þess, SELTJÖRN ásamt merki opinberað í fyrsta sinn. Haldin var hugmyndasamkeppni um nafn á hjúkrunarheimilið og skaraði Seltjörn framúr að mati dómnefndar.

Fjölmenni var viðstatt vígsluathöfn hjúkrunarheimilisins. Boðið var upp á hátíðardagskrá auk þess sem öllum gestum gafst tækifæri til að skoða þetta glæsilega húsnæði og njóta veitinga. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra héldu hátíðarávörp og klipptu á borða. Björn Guðbrandsson arkitekt hússins sagði frá hönnun þess og fulltrúi byggingafyrirtækisins Munck á Íslandi sem annaðist byggingu hússins afhenti Ásgerði bæjarstjóra lykllana. Ásgerður afhenti lykllana þá til Svandísar ráðherra heilbrigðismála sem afhenti þá að lokum til Kristjáns Sigurðssonar forstjóra Vigdísarholts sem er rekstraraðili hjúkrunarheimilisins. Sr. Bjarni Þór Bjarnason blessaði hjúkrunarheimilið og tónlistarmenn fluttu tónlistaratriði. Veittar voru viðurkenningar til vinningshafa nafnasamkeppninnar auk þess sem nokkrum aðilum voru þakkaðar rausnalegar og góðar gjafir sem þeir höfðu gefið hjúkrunarheimilinu.

Rekstur hjúkrunarheimilisins fór af stað með opnun fyrstu deildarinnar í kringum 20. mars og síðan fóru hinar 3 deildirnar í rekstur koll af kolli og var heimilið komið í fulla starfsemi þegar leið á haustið. Þann 1. október tók dagdvöl til starfa á heimilinu og lokaði þá dagdvölin á Skólabraut. Í árslok dvöldust um 23 í dagdvöl á Seltjörn og þar af voru 19 Seltirningar.

Málefni fatlaðs fólks

Seltjarnarnesbær tók við allri þjónustu við fatlað fólk í ársbyrjun 2017 en þá var lokið samstarfi bæjarins við Velferðarsvið Reykjavíkur um þjónustuna. Ráðinn var nýr forstöðumaður yfir búsetukjarnanum á Sæbraut 2 í september en fyrri forstöðumaður fór í nám erlendis. Alls starfa um 11 starfsmenn á Sæbraut í 9,5 stöðugildum. Þar búa nú 4 íbúar í sérhæfðri búsetu. Tveir einstaklingar búa í sérhæfðri búsetu annars staðar sem samið hefur verið um við Velferðarsvið Reykjavíkur með annan einstaklinginn en við einkarekið heimili um búsetu fyrir hinn. Þrjú börn voru með stuðningsfjölskyldur og tvö börn í skammtíamavistun. Gerðir hafa verið samningar um dagþjálfun og starfshæfingu við Styrktarfélagið Ás. Einn aðili er með samning við sveitarfélagið um að kaupa þjónustu fyrir sig sjálfur og 3 aðilar búa sjálfstætt með frekari liðveislu þá njóta um 20 börn og fullorðnir félagslegrar liðveislu.

Akstursþjónusta fatlaðs og aldraðs fólks

Strætó b.s. annast akstur fatlaðs og aldraðs fólks með sérútbúnum bílum á höfuðborgarsvæðinu skv. samstarfssamningi 4 sveitarfélaga á svæðinu en Kópavogsbær er ekki aðili að því samstarfi og Hafnarfjarðarbær dró sig út úr samstarfinu seinni hluta ársins. Markvisst var unnið að því að bæta þjónustuna en margir alvarlegir byrjunarörðugleikar komu upp þegar Stætó tók við þjónustunni í ársbyrjun 2015. Ferðafjöldi og kostnaður jókst talsvert á árinu vegna fjölgunar notenda. Unnið er að útboðsgögnum fyrir nýtt útboð í akstur hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) í samvinnu við Strætó bs en samningar við verktaka sem sinna þjónustunni renna út í árslok 2019. Þeir hafa verið framlengdir um sex mánuði.

Einnig er samningur í gildi um ferðaþjónustu blindra og sjónskertra við Blindrafélagið og nýttu allmargir eldri borgarar sér þá þjónustu.

Jafnréttismál

Fjölskyldunefnd fer einnig með verkefni Jafnréttisnefndar Seltjarnarness. Unnin var ný jafnréttisáætlun á árinu og var hún samþykkt í fjölskyldunefnd í nóvember og vísað til bæjarstjórnar sem samþykkti áætlunina í lok ársins. Áætlunin gildir frá 2019 til 2023. Í áætluninni eru settar fram aðgerðir og markmið í jafnréttismálum sem nást eiga á gildistíma áætlunarinnar.

Lykiltölur

Félagspjónustusvið Seltjarnarness:	2016	2017	2018	2019
Fjöldi íbúa sem fengu fjárhagsaðstoð	47	38	45	43
Fjöldi með sérstakan húsnæðisstuðning		36	48	48
Fjöldi fjölsk. sem unnið var með skv. barnav.lögum	32	32	38	36
Fjöldi barna sem unnið var með skv. barnav.lögum	48	47	54	48
Fjöldi barnaverndartilkynninga	52	58	107	87
Meðaltalsfjöldi atvinnulausra yfir árið	50	50	53	72
Fjöldi heimila sem fengu heimaþjónustu	124	129	132	130
- þar af heimili aldraðra	105	112	115	114
- þar af heimili öryrkja	15	13	14	14
- þar af önnur heimili	4	4	3	2
Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér akstursþjónustu	75	68	64	71
-þar af fatlaðir	22	23	23	26
-þar af aldraðir	53	45	41	45
Heildarfjöldi ferða ferðapj. aldraðir og fatlaðir	9.385	8.444	9.437	11.013
Fjöldi aldraðra í dagvist <i>*ath. starfaði 9 mánuði</i>	19	25	18	20
Fjöldi dvalardaga í dagvist <i>*ath. starfaði 9 mánuði</i>	2.245	2.186	2.221	1.907
Meðaldvalarlengd í mán. í dagvist yfir árið <i>*ath. starfaði 9 mánuði</i>	7,7	7,2	8,1	6,4
Fjöldi einstaklinga sem fengu liðveislu	21	20	24	19
- þar af fjöldi barna sem fengu liðveislu/stuðning v. barnaverndar	13	9	18	13
- þar af fjöldi fullorðinna sem fengu liðveislu	8	11	6	6
Fjöldi starfsfólks sem sinnti liðveislu í tímavinnu	22	24	16	16
Fjöldi afgreiddra máltíða í mótuneytum fyrir aldraða á Skólabraut og í Eiðismýri	10.474	10.678	10.655	7.860
Fjöldi heimsendra máltíða til aldraðra og öryrkja	5.881	5.094	5.260	4.070

Fjárhags- og stjórnsýslusvið

Aðsetur: Austurströnd 2

Sími: 5959 100

Bréfsími: 5959 101

Veffang: www.seltjarnarnes.is

Vefpóstur: postur@seltjarnarnes.is

Afgreiðslutími: Mánud. – fimmtud. frá kl. 8:00 – 16:00.

Föstudaga frá kl. 8:00 – 14:00

Fjármálastjóri: Gunnar Lúðvíksson

Fjöldi starfsfólks: 9

Fjöldi stöðugilda: 9

Fjárhags- og stjórnsýslusvið er stoðsvið sem vinnur þvert á önnur svið stjórnsýslunnar. Fjárhags- og stjórnsýslusvið hefur yfirumsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins, rekstri, fjármálum og starfsmannahaldi. Sviðið sér einnig um upplýsingagjöf til bæjarbúa, starfsmanna og viðskiptavina. Helstu viðskiptavinirnir eru íbúar Seltjarnarness, fyrirtæki og einstaklingar í viðskiptum við bæinn ásamt stofnunum og starfsmönnum bæjarins.

Helstu lög og reglur sem móta starfsemi sviðsins og skapa því umgjörð eru lög um sveitarfélög nr. 138/2011, stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 50/1996 og samþykktir og reglur Seltjarnarnesbæjar. (www.seltjarnarnes.is/stjornsysla/samthykkir).

Stjórnskipulag og starfsmannahald

Dagleg stjórn fjárhags- og stjórnsýslusviðs er í höndum fjármálastjóra. Sviðið skiptist í eftirfarandi megin starfseiningar; áætlunargerð og stjórnsýslu, starfsmanna- og launamál, bókhald og reikningsskil, álagning og innheimta tekna, greiðsla reikninga, þjónusta við viðskiptavinum og skjalastjórn.

Helstu verkefni 2019

Fjármálastjórn bæjarsjóðs og tengdra stofnana auk eftirlits með tekjum og útgjöldum bæjarsjóðs, umsjón með lána- og sjóðastýringu. Leitað var leiða til að bæta verklag og auka hagræði í rekstri.

Yfirumsjón og stjórn vinnu við fjárhagsáætlun og eftirfylgni, frávikagreining frá fjárhagsáætlun og kostnaðargreining.

Veita nefndum ráðgjöf, greiningu og upplýsingar varðandi það sem snýr að fjárhagslegum þáttum þeirra mála sem eru til meðferðar.

Veita ráðgjöf og þjónustu til stofnana bæjarins varðandi það sem snýr að fjármálum og rekstri, m.a. að samræma og leita leiða til að hagræða í innkaupum.

Yfirumsjón með fjárreiðum, greiðslu reikninga og innheimtu, álagningastofni fasteignagjalda og álagningu þeirra.

Ut anumhald íbúaskrár og spár um íbúa- og hagþróun í bænum.

Fjármál

Rekstrartekjur bæjarfélagsins á árinu 2019 námu 4.716 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 4.573 m.kr. Þar af voru skatttekjur 3.609 m.kr. Meginhluti skatttekna eru útsvarstekjur sem námu 2.991 m.kr. Fasteignaskattar námu 234 m.kr. Seltjarnarnes er með næst lágsta álagningarhlutfall útsvars sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eða 13,70%, en heimilt var að leggja á útsvar allt að 14,52% árið 2019.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun ársins 2019 var samþykkt af bæjarstjórn í nóvember 2018. Gerðir voru 2 viðaukar við fjárhagsáætlunina á árinu 2019.

Lykiltölur

Fjárhags- og stjórnslusvið	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Íbúafjöldi	4.376	4.415	4.418	4.450	4.590	4.667	4.720
Útsvarsprósenta	13,66%	13,66%	13,70%	13,70%	13,70%	13,70%	13,70%
Fasteignaskattur							
Íbúðar húsnæði	0,21%	0,20%	0,20%	0,20%	0,20%	0,175%	0,175%
Opinbert húsnæði	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Atvinnuhúsnæði	1,25%	1,25%	1,25%	1,25%	1,25%	1,1875%	1,1875%
Skatttekjur í þús. kr. á íbúa	546	568	572	628	698	749	765
Aðrar tekjur í þús. kr. á íbúa	155	205	175	192	168	188	234
Laun og launtengd gjöld á íbúa	354	388	471	480	525	543	578
Annar rekstrarkostnaður á íbúa	244	265	282	304	335	377	358

Íþróttta- og tómstundasvið

Aðsetur: Íþróttamiðstöð Seltjarnarness

Sundlaug sími: 561 1551

Íþróttahús sími: 561 2266

Suðurstrandavöllur sími: 571 0150

Veffang: www.seltjarnarnes.is

Sviðsstjóri íþróttasviðs: Haukur Geirmundsson

Fjöldi starfsmanna: 20

Hlutverk íþróttta- og tómstundasviðs er að stuðla að heilbrigði almennings, skipuleggja uppbyggilegt og skemmtilegt tómstundastarf, eiga gott samstarf við íþróttta- og æskulýðsfélög og gæta þess að engum sé mismunað vegna kyns, þjóðernis eða fötlunar. Seltjarnarnesbær gegnir lykilhlutverki í frítímapjónustu bæjarbúa ásamt aðildarfélögum. Saman hafa þessir aðilar staðið fyrir og hlúð að hvers konar starfsemi sem stuðlar að því að íbúar geti lagt stund á uppbyggilegt tómstundastarf utan vinnutíma. Frítímapjónustan er ekki lögbundin, heldur almenningsþjónusta sem fólk sækir af eigin hvötum. Virk þátttaka í uppbyggilegu frístundastarfi hefur jákvæð áhrif á alla aldurshópa og fjölskyldulíf. Aukinn stuðningur við íþróttafélögin skilar sér í auknum iðkendafjölda og öflugra starfi. Með tómstundastyrkjum er lögð áhersla á að öll börn og unglingar hafi sömu möguleika á tómstundastarfi við hæfi. Með uppbyggingu glæsilegra íþróttamannvirkja er sköpuð aðstaða í öruggu umhverfi. Með kosningu á íþróttamanni og konu Seltjarnarness sýnir bæjarfélagið stuðning við íþróttafólk sem skarar fram úr. Nýstofnaður afreksmannasjóður er aukinn stuðningur við þá sem skara framúr í íþróttum í liða eða einstaklingskeppnum. Fjöldi starfsmanna og sjálfboðaliða leggja fram mörg þúsund vinnustundir árlega til þess að ná fram faglegum markmiðum og veita eins góða þjónustu og vöð er á. Sú vinna skilar sér í fjölbreyttu æskulýðs- og íþróttastarfi fyrir alla aldurshópa með það að markmiði að auka lífsgæði, vellíðan og ánægju bæjarbúa.

Með öflugum íþróttta- og tómstundastarfi er lagður grunnur að ákveðnum farvegi fyrir upprennandi kynslóðir. Líðan barna og unglinga skiptir afar miklu máli og að þau eigi griðastað í öflugum tómstundastarfi og félagslegt öryggi. Frítíminn hefur ýmis gildi fyrir einstaklinginn og má þar nefna afþreyingu og forvarnargildi en eins má segja að um ákveðið menntunargildi sé einnig að ræða þar sem þau öðlast ákveðna reynslu í tómstundastarfinu sem þau munu svo nýta sér í framtíðinni.

Seltjarnarnesbær undir stjórn íþrótttafulltrúa er aðili að Heilsueflandi sveitarfélagi í samstarfi við Landlæknisembættið og stuðlar að því að gera stefnumótun um að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa.

Íþróttta- og tómstundanefnd ÍTS sem er pólitískt valin hefur það hlutverk að fjalla um málefni sviðsins í víðasta skilningi og er það gert á fundum nefndarinnar sem haldnir eru á eins til tveggja mánaða fresti.

Sundlaug

Sundlaugin og World Class mynda eina glæsilegustu heilsuræktaraðstöðu á landinu þar sem almenningi gefst tækifæri á að stunda líkamsrækt við bestu aðstæður sem völ er á. Mikil ánægja er með þessa aðstöðu. Trimmklúbbur er starfræktur í tengslum við sundlaugina og sundleikfimi er kennd fjórum sinnum í viku endurgjaldslaust ásamt sundfloti tvisvar í mánuði. Sundlaugin er heilsuparadís þar sem almenningur hefur tækifæri á að rækta líkama og sál og njóta félagsskapar við aðra sundlaugargesti. Mikið er lagt upp úr reglulegu viðhaldi, því búnaður sundlaugar er margbreytilegur og viðkvæmur og mikilvægt að hann sé í lagi svo öryggiskröfum sé fylgt í hvívetna. Á árinu 2016 var viðhaldi sundlaugar viðhaldið með reglubundnum hætti í góðri samvinnu við þjónustumiðstöð.

Íþróttahús

Árið 2019 var lokið við stækkun á íþróttahúsinu sem gjörbreytir aðstöðu handknattleiksdeildar og sér í lagi fimleikadeildar til muna. Stærri og glæsilegur fimleikasalur var tekinn í notkun um haustið með nýjum áhöldum, fleiri iðkendum og mikilli ánægju fimleikafólks. Þessu samhliða voru ýmsar endurbætur og stækkanir gerðar s.s. stækkað anddyri, fleiri búningsklefar, nýr og rúmgóður þreksalur og síðast en ekki síst var aðkoma að íþróttahúsinu gerð hin glæsilegasta. Með þessum aðgerðum er Seltjarnarnesbær að skapa íþróttafélaginu Gróttu frábærar aðstæður með það að markmiði að það skili sér í enn betra og faglegra starfi deilda félagsins.

Knattspyrnuvöllur

Suðurstrandavöllur hýsir glæsilega knattspyrnuaðstöðu með gervigrasvelli, stúku, fjórum búningsklefum ásamt félags- og skrifstofuaðstöðu. Mikil ánægja er með knattspyrnuaðstöðuna sem iðkendur geta nýtt sér nánast allt árið. Svæðið er fallett og til mikillar þýði fyrir sveitarfélagið. Til knattspyrnuaðstöðunnar teljast einnig grasvöllurinn á Valhúsahæð og og sparkvellir sem staðsettir eru við Lindarbraut og Mýrarhúsaskóla. Á árinu 2016 var skipt um yfirborð á gervigrasvellingnum og var mjög vandað til verksins og besta fáanlega gras lagt í stað þess gamla. Á árinu 2017 var keypt fjórhjól með snjótönn og bursti til að jafna gúmmíið og geta vallarstarfsmenn því séð um ákveðna viðhaldspætti. Eftir að meistaraflokkur karla komst í efstu deild eru framkvæmdir framundan við stækkun á stúku og ýmsa aðra þætti til að framfylgja reglugerðum Knattspyrnusambands Íslands.

Lykiltölur

Íþróttta og tómstundaráð Seltjarnarness	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Sundlaug							
Heildarfjöldi sundlaugagesta	178.242	165.313	177.681	188.947	189.100	192.110	198.643
Fjöldi fullorðinna	61.378	56.183	52.675	57.664	51.747	44.520	42.273
Fjöldi aldraðra	9.998	9.355	11.884	12.616	12.524	12.211	13.912
Fjöldi barna 6- 18 ára aldurs	21.109	18.353	17.546	19.129	19.518	18.918	19.993
Öryrkjar	1.676	1.514	1.819	1.755	1.391	1.615	1.697
Gróttta	285	195	409	342	446	76	105
Skólar	11.700	13.500	15.300	15.300	15.383	15.300	15.300
Önnur aðsókn	1.376	1.874	1.836	3.138	2.868	3.170	2.213
Korthafar World Class í sund	70.720	64.339	76.212	79.003	85.223	96.300	103.150

Fræðslusvið

Skólaskrifstofa Seltjarnarness

Aðsetur: Skólaskrifstofa Seltjarnarness, Austurströnd 2

Sími: 5959 100

Veffang: www.seltjarnarnes.is

Vefpóstur: postur@seltjarnarnes.is

Afgreiðslutími: Mánud. – fimmtud. kl. 8:00 – 16:00.

Föstudagar kl. 8:00-14:00.

Fræðslustjóri: Baldur Pálsson

Fjöldi starfsfólks: 236

Fjöldi stöðugilda: 182,2

Skólaskrifstofa fer með yfirumsjón starfsemi leik-, grunn- og tónlistarskóla, frístundamiðstöðvar, daggæslu í heimahúsum, skólaþjónustu og auk þess sem umsjón með félagsstarfi eldri bæjarbúa var flutt yfir á fræðslusvið á árinu. Fræðslustjóri hefur umsjón með upplýsingagiöf fyrir skólanefnd, undirbúningi funda og ritun fundargerða, ásamt eftirfylgni við stefnumörkun og ákvarðanir nefndarinnar. Fræðslustjóri hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlana starfsstöðva sem tilheyra sviðinu í samráði við hlutaðeigandi stjórnendur. Skólaskrifstofa hefur auk þess umsjón með innritun barna til dagforeldra og í leik-, grunn- og tónlistarskóla, ásamt umsjón með skráningu nemenda bæði í grunn- og tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags. Fræðslustjóri hefur yfirsýn yfir dagforeldra í bænum, veitir þeim ráðgjöf og starfsleyfi, auk þess að hafa eftirlit með því að starfsreglum sé framfylgt.

Stærsta verkefni skólaskrifstofu á hverjum tíma er að halda úti daglegri þjónustu sem hún sinnir ásamt eftirfylgni við fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar varðandi fræðslusvið. Meðal annarra verkefna skólaskrifstofu á árinu 2019 má nefna umsjón með hönnunarsamkeppni um byggingu nýs leikskóla á Seltjarnarnesi í samstarfi við Arkítektafélag Íslands og samstarf við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um símenntun leik- og grunnskólakennara.

Daggæsla í heimahúsum

Við árslok 2019 voru starfandi tveir dagforeldrar á tveimur heimilum á Seltjarnarnesi. Hjá þeim dvelja að jafnaði allt að 10 börn, flest með lögheimili á Seltjarnarnesi. Dagforeldrar eru sjálfstæðir atvinnurekendur og starfa samkvæmt starfsleyfi og dvalarsamningum sem gerðir eru við foreldra/forráðamenn barnanna. Skólaskrifstofa Seltjarnarness veitir starfsleyfi til dagforeldra og sinnir lögbundnu eftirliti samkvæmt reglugerð félagsmálaráðuneytisins nr. 907/2005.

Leikskóli Seltjarnarness

Suðurströnd 1 og 3 og Kirkjubraut 2

Símanúmer: 5959280 / 5959290 / 5959460 / 6942648

Veffang: www.leikskoli.seltjarnarnes.is

Vefpóstur: soffiag@seltjarnarnes.is / margret.gisladottir@seltjarnarnes.is

Leikskólastjóri: Soffía Guðmundsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Margrét Gísladóttir

Fjöldi starfsmanna: 80

Fjöldi stöðugilda: 68,2

Leikskóli Seltjarnarness starfar samkvæmt lögum um leikskóla og reglugerðum þeim tengdum. Í skólanum eru 12 deildir í fjórum starfsstöðvum, Mánabrekku, Sólbrekku og Fögrubrekku við Suðurströnd og Holt í Seltjarnarneskirkju. Í skólanum er lögð áhersla á að börn fái tækifæri til að hjálpa sér sjálf eftir því sem þroski þeirra og geta leyfir og þau styrkt til sjálfshjálpar í öllum þáttum daglegs lífs. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins því samkvæmt hugmyndafræði leikskóla lærir barn mest og best í leik og samskiptum við börn og fullorðna í frjóu og skipandi umhverfi.

Starfsfólk hefur sameinast um gildin jákvæðni, virðing og fagmennska sem eru höfð að leiðarljósi í daglegu starfi skólans.

Helstu verkefni 2019

Tónlist

Öll börn skólans njóta kennslu tónmenntakennara sem er mikilvæg viðbót við annað tónlistarstarf sem fram fer í skólanum. Tónlistarkennslan er að hluta samstarfsverkefni leikskólans við Tónlistarskóla Seltjarnarness.

Umhverfismennt

Leikskólinn flaggar Grænfánanum sem er alþjóðleg viðurkenning fyrir starf að umhverfismennt og menntun til sjálfbærrar þróunar.

Virk umhverfisnefnd er starfandi við skólann, sem ásamt börnunum hefur það hlutverk að fylgjast með, viðhalda og benda á það sem betur má fara í umhverfismálum.

SMT – skólafærni

Áhersla er lögð á SMT – skólafærni, en verkefnið gengur út á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun með því að kenna og þjálfra félagsfærni og gefa jákvæðri hegðun barna gaum með markvissum hætti.

Persónumöppur

Í möppurnar fara fyrirfram ákveðin verkefni og skráningar sem fylgja börnunum á milli deilda og eru unnar í samvinnu barna, foreldra og leikskólakennara.

Hreyfiland

Samstarfsverkefni við Hreyfiland sem er unnið með börnum í öllum starfsstöðvum skólans. Þar er lögð áhersla á að efla styrk, þol og almenna hreyfigetu barna í gegnum leik.

Vinátta

Verkefnið er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla og er unnið í samstarfi við Barnaheill. Vinátta byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem skulu samofin öllu skólastarfi auk raunhæfra verkefna fyrir börn og starfsfólk.

Hjálparhendur

Hjálparhendurnar (gula, rauða, græna og bláa höndin) halda utan fjögur verkefni sem unnin eru með eldri börnum skólans. Þau eru vinátta, umhverfismennt, umsjón, dagskipulag og samvera. Verkefninu er ætlað að auka samþættingu og samræmi í námi og auka áhrif barnanna á skólastarfið.

Lubbi finnur málbein

Málörvun og hljóðánám fyrir öll börn skólans þar sem íslensku máhljóðin eru í brennidepli. Verkefnið stuðlar að auðugri orðaforða og ýtir undir skýrari framburð.

Önnur verkefni:

- Leikskólinn er heimaskóli nema við menntavísindasvið HÍ og HA sem felur í sér að sjá þeim fyrir æfingakennurum og vettvangstengingu meðan á námi stendur.
- Skóladagatal birt á vefsíðu skólans.
- Í samstarfi við nágrannasveitarfélögin í Kraganum er boðið upp á fjölbreytta fyrirlestra og námskeið fyrir alla sem er starfa í leikskólanum. Námskeiðin eru einn liður í endur og símenntun starfsfólks og kennara.

Lykiltölur

Leikskóli Seltjarnarness	2016	2017	2018	2019
Fjöldi nemenda	198	212	226	224
Nemendur 0 – 2 ára	66	54	65	67
Nemendur 2 – 6 ára	132	158	161	157
Hlutfall leiksk.nem. af íbúum Seltj.ness	4,4%	4,8%	4,9%	4,8%
Meðaldvalartími nemenda á dag í LS	8,1	8,1	8,1	8,2
Heildarfjöldi stöðugilda við LS	55,27	55,36	68,93	68,20
Stöðugildi leikskólakennara á launum	23,71	23,16	22,75	21,15
Hlutfall leikskólakennara í fullu starfi	54,8%	60,4%	57,4%	47,5%
Stöðug. starfsfólks með aðra fagmenntun	12,42	16,25	15,11	20,25
Fjöldi annars starfsfólks	19,4	16,95	31,07	26,80
Fjöldi stöðugilda í eldhúsi	3	3	3	3,8

Grunnskóli Seltjarnarness

v/ Nesveg og v/ Skólabraut

Sími: 5959 200/5959 250

Bréfsími: 5959 201/5959 251

Veffang: www.grunnskoli.seltjarnarnes.is

Vefpóstur: grunnskoli@grunnskoli.is

Skólastjóri: Ólína Elín Thoroddsen

Aðstoðarskólastjórar: Helga Kristín Gunnarsdóttir og Kristjana Hrafnisdóttir

Fjöldi starfsmanna: 105

Fjöldi stöðugilda: 86,9

Fjöldi nemenda: 562

Grunnskóli Seltjarnarness starfar skv. lögum um grunnskóla og reglugerðum þeim tengdum. Hann heyrir undir Fræðslusvið Seltjarnarnesbæjar. Skólinn er deildaskiptur grunnskóli : yngsta stig og miðstig (1.-6. bekkur) og unglíngastig (7. – 10. bekkur). Í Grunnskóla Seltjarnarness er nemandinn í brennidepli, líðan hans og þarfir. Í skólanum er lögð áhersla á að nemendur hafi gleði af námi í hvetjandi umhverfi sem virkjar frumkvæði þeirra, hugvit og sköpunargáfu. Einkunnarorð skólans eru virðing, ábyrgð og vellíðan og er lögð áhersla á að þau einkenni skólastarfið.

Helstu verkefni 2019

Símenntun

Á haustönn 2018 byrjaði námskeið á vegum KVAN sem heitir Verkfærakistan fyrir kennara á yngsta og miðstigi. Þar er fjallað um agastjórnun og ýmis verkfæri þar að lútandi kynnt fyrir kennurum. Á vorönn 2019 var þessu námskeiði haldið áfram og lauk því í maí 2019. Kennarar fengu í framhaldinu ýmis gögn sem þeir hafa nýtt sér í kennslunni.

Áfram var unnið að þróun á nýju námsmati samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og er sú vinna vel á veg komin sem og vinna með nýja útgáfu á Mentor. Önnur verkefni sem haldið var áfram að vinna með voru innleiðing spjaldtölva í kennslu, smiðjur í byrjendalæsi auk ýmissa valinna verkefna kennara og starfsfólks. Starfsfólk sótti ýmis námskeið að eigin vali sem tilheyra sérsviði hvers og eins.

Mat á skólastarfi

Allar skýrslur sem lúta að mati á skólastarfi má finna á vef skólans:

<http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/skolinn/mat-a-skolastarfi/>

Þróunarverkefni

Helstu þróunarverkefni skólans eru Læsi til náms, innleiðing aðalnámskrár, vinna við nýtt námsmat, innleiðing spjaldtölva í kennslu, þemakennsla á unglíngastigi o.fl. Auk þess er áfram unnið með Uppbyggingarstefnuna og að festa byrjendalæsi í sessi

Skólinn þátt í rannsóknarverkefni á vegum Núvitundarsetursins um innleiðingu núvitundar í skólastarf. Öllu starfsfólki bauðst að taka þátt í 8 vikna námskeiði um núvitund og var það vel sótt. Rannsóknin sjálf beinist að nemendum fæddum 2005 og 2006 og fer fram á vormisseri

2019. Þá fá þessir nemendur kennslu frá kennurum sem hafa sótt námskeiðið. Könnun er lögð fyrir þessa nemendur þrisvar sinnum og verður sú síðasta á vormisseri 2020. Þeir starfsmenn sem tóku þátt í námskeiðinu svara einnig könnunum. Niðurstöður munu liggja fyrir fljótlega.

Önnur verkefni:

- Skólapúlsinn mælir átta sinnum á ári líðan nemenda o.fl. (hluti af sjálfsmati skólans)
- Símenntunaráætlun birt á vefsíðu skólans.
- Handbók foreldra var uppfærð og birt á vefsíðu skólans.
- Skólanámskrá og uppfærðar áætlanir voru birtar á vefsíðu skólans.
- Unnið var eftir samstarfssamningi um kennaranema við Menntavísindasvið HÍ.
- Skólaráð hóf sitt tólfta starfsár haustið 2019.

Lykiltölur

Grunnskóli Seltjarnarness	2016	2017	2018	2019
Fjöldi nemenda	508	530	550	562
Nemendur á yngsta stigi *	212	228	240	237
Nemendur á miðstigi **	146	147	164	181
Nemendur á unglíngastigi ***	144	155	164	144
Heildarfjöldi stöðugilda við GS	84	78	83,7	86,9
Stöðugildi grunnskólakennara á launum	46,8	46,8	47,8	51,4
Stöðugildi starfsfólks með aðra fagmenntun	10,8	10,8	11,8	11,5
Fjöldi stöðugilda annars starfsfólks	26,4	23	24,6	24
Hlutfall grunnskólakennara í fullu starfi	79%	83%	84%	81%

- *1.-4. bekkur. **5.-7. bekkur og ***8.-10. bekkur.

Tónlistarskóli Seltjarnarness

v/ Skólabraut

Sími: 5959 235

Veffang: www.tonlistarskoli.seltjarnarnes.is

Skólastjóri: Kári Húnfjörð Einarsson

Aðstoðarskólastjóri: Guðjón Steinar Þorláksson

Fjöldi starfsmanna: 23

Fjöldi stöðugilda: 13,4

Heildarfjöldi nemenda: 299

Fjöldi nemenda í einkanámi: 180

Skólinn hefur frá stofnun sinnt almennri tónlistarmenntun Seltirninga með áherslu á grunnskólaaldur.

Helstu verkefni 2019

Tónleikar skólans voru með hefðbundnum hætti eða á þriggja vikna fresti í sal skólans. Einnig hefur skapast sú hefð að vera með svokallaða þematónleika á haustönn sem hafa mælst vel fyrir. Þemað hefur verið mjög mismunandi allt frá því að vera tónlist eftir einhvern einn höfund í það að allt sé spilað í ¾ (vals). Þetta árið var tónlist eftir Jóhann Helgason þema af þeirri einföldu ástæðu að Jóhann varð sjötugur fyrr um haustið, tónleikarnir voru hluti af tónleikaröðinni Tónstafir og þóttu takast gríðarlega vel. Kynnir á tónleikunum var sjálfur Jóhann Helgason og hafði hann á orði að nú sæi hann tónlist sína í öðru ljósi. Skólinn hefur einnig staðið fyrir samspilstónleikum á vorönn þar sem einungis er um samspil nemenda að ræða. Ýmsar hljómsveitir hafa sprottið upp úr því og hópar sem hafa haldið áfram að vinna saman. Vortónleikar skólans voru í Seltjarnarneskirkju sem og jólatónleikar skólans. Samkvæmt venju voru tónleikar lúðrasveitanna haldnir í Seltjarnarneskirkju á vorönn.

Dagur Tónlistarskólanna var haldin hátíðlegur sem endra nær með tónlist í báðum sölum skólans og kaffisamsæti á kennarastofu.

Hljóðfærakynning fyrir forskólanemendur og foreldra var haldin í marsmánuði og þar svöruðu kennarar fyrirspurnum varðandi hljóðfæranám.

Blokkflautukennsla var með sama hætti og sl. ár þannig að allir nemendur í 2. bekk fara á kennslutíma grunnskólans til kennslu í tónlistarskólanum. Þetta verkefni, sem var reynt í tilraunaskini til tveggja ára, er nú í boði Seltjarnarnesbæjar. Forskóli I og II er foreldrum að kostnaðarlausu.

Tónstafir

Áframhald var á samstarfi Tónlistarskólans og Bókasafns Seltjarnarness. Tónleikaröðin „Tónstafir“ gekk eins og undanfarin ár og tónleikar voru haldnir mánaðarlega á skólaárinu á Bókasafni Seltjarnarness.

Hljómsveitir

Tvær aldursskiptar lúðrasveitir voru starfræktar við skólann á árinu. Báðar sveitirnar fóru í æfingabúðir að Varmalandi í Borgarfirði þar sem æft var af kappi heila helgi auk annara aktífiteta. Það er orðin hefð fyrir því að lúðrasveitin spili í desember á Tónstöfum og lýkur þar ársprógrammi sínu sem er virkilega vel við hæfi. Auk áður upptalinnna hljómsveita voru starfandi nokkrar popp- og jasshljómsveitir sem komu fram reglulega á skólaárinu, jafnt innan skóla sem utan. Til að mynda voru haldnir popptónleikar í Félagsheimilinu sem þóttu takast mjög vel og verður vonandi framhald á því. Þóra Birgit Bernósdóttir hélt burtfarartónleika í Félagsheimilinu en hún hefur verið nemandi á bassa í yfir áratug, mjög flottir tónleikar.

Próf

Allir nemendur skólans taka vorpróf. Þegar nemandi hefur lokið ákveðnum áfanga í tónlistar-náminu gefst honum kostur á að þreyta áfangapróf á hljóðfæri.

Á hljóðfæri luku tólf nemendur grunnprófi, fjórir nemendur miðprófi og einn nemandi tók framhaldspróf. Fjórir nemendur luku miðpróf í tónfræðigreinum.

Lykiltölur

Tónlistarskóli Seltjarnarness	2016	2017	2018	2019
Fjöldi nemenda með forskóla	241	247	291	299
Fjöldi nemenda í grunnnámi	215	216	240	223
Fjöldi nemenda í miðnámi	17	15	33	22
Fjöldi nemenda í framhaldsnámi	9	9	7	4
Fjöldi nemenda í lúðrasveitum skólans	26	36	40	39
Fjöldi kennara	23	24	24	23
Fjöldi stöðugilda	13,35	13,60	13,64	13,41
Ritari skólans	1	1	1	1

Frístundamiðstöð Seltjarnarness

v/Suðurströnd.

Veffang: www.selið.is

Vefpóstur: margrets@seltjarnarnes.is

Sími: Selið 5959 178 Skjólíð 5959 221

Yfirmaður Frístundamiðstöðvar: Margrét Sigurðardóttir, æskulýðs- og tómstundafulltrúi

Forstöðumaður barnastarfs: Hólmfríður Petersen

Forstöðumaður unglingastarfs Guðmundur Ari Sigurjónsson

Fjöldi starfsmanna: 27

Fjöldi stöðugilda: 12,7

Frístundamiðstöð Seltjarnarnesbæjar tók formlega til starfa frá 1. janúar 2017 og sameinar hún þjónustu sem veitt hefur verið af hálfu fræðsluviðs og ÍTS í frístundaheimilinu Skjólí/frístund, félagsmiðstöðinni Selinu, ungmennahúsinu Skelinni, Sumarskóla og á sumarnámskeiðum. Markmið frístundamiðstöðvar er að standa fyrir fjölbreyttu frístundastarfi fyrir börn, frá 6 ára aldri, og ungmenni. Þjónusta frístundamiðstöðvar miðar við heildstætt tilboð árið um kring, sem einfalda skal foreldrum skráningu og fyrirbyggja rof í þjónustu.

Helstu verkefni 2019

Frístundaheimilið Skjól/frístund

Skjól/frístund er fyrir börn í 1.-4. bekk eftir að skóla lýkur á daginn. Boðið er upp á fjölbreytt starf í frístundavali og verkefnum. Lögð er áhersla á að efla samskipti og félagsþroska barna í heimilislegu umhverfi.

Sumarskóli frístundamiðstöðvarinnar, er starfræktur í ágústmánuði og er fyrir börn sem eru að ljúka leikskólagöngu og hefja nám í 1. bekk grunnskóla.

Félagsmiðstöðin Selið

Aðalstarfsemi félagsmiðstöðvarinnar er yfir vetrartímann. Er þá megináherslan lögð á tómstundastarf unglunga s.s. böll, klúbbastarf, námskeið, fyrirlestra, forvarnarstarf, ferðalög og fleira. Selið er aðallega opið unglingum frá aldrinum 13-16 ára þ.e. 8., 9. og 10. bekk, en þó taka yngri börn líka þátt í starfinu að einhverju leyti. 7. bekkur hefur fastan tíma í Selinu og á á vor og haustönn voru haldin sex vikna námskeið fyrir 10-12 ára börn. Selið hefur alfarið umsjón með félagslífi nemenda í Valhúsaskóla.

Grunnskólinn og Selið

Samvinna skólans og Selsins er mjög góð. Skíðaferðalög Valhúsaskóla og Selsins hafa verið sameinuð. Starfsfólk frá báðum stofnunum fer í ferðalögin og sami háttur var hafður á með vorferð 10. bekkjar. Starfsmaður Selsins kennir valáfanga í félagsmálafræði fyrir 8., 9. og 10. bekk í skólanum. Eins og undanfarin ár var samstarf milli foreldrafélags Valhúsaskóla og Selsins en þá var unnið að nokkrum samstarfsverkefnum og má þar nefna lokaball Valhúsaskóla.

Önnur starfsemi Selsins

Ýmsir félagahópar á vegum Seltjarnarnesbæjar hafa fengið að nýta sér húsnæði Selsins til fundahalda eða skemmtana. Bekkjarkvöld voru haldin í Selinu auk barnaafmæla. Eldri borgarar hafa nýtt sér aðstöðu Selsins til þess að koma saman og spila billiard og eins hafa hópar utan af landi fengið að gista í félagsmiðstöðinni.

Ungmennahúsið Skelin

Ungmennahúsið Skelin er staðsett í sama húsnæði og Selið í hinum enda kjallarans, inngangur á vesturhlið húss. Þar fer fram starf fyrir 16 ára og eldri og er Ungmennaráðið með aðstöðu þar. Skelin er opin á miðvikudags- og fimmtudagskvöldum. Eins er ungmennum velkomið að vinna þar að ýmsum verkefnum fyrir utan formlegan opnunartíma auk þess sem hljómsveitir nýta sér húsnæðið.

Ungmennaráð Seltjarnarness

Ungmennaráð Seltjarnarness var stofnað árið 2009. Ungmennaráðið fundar alltaf aðra hverja viku og oftar í kringum verkefni og viðburði.

Ungmennaráðið hélt ýmsa viðburði fyrir sína jafnaldra s.s fræðslukvöld, jólakaffihús sem fangaði 10 ára afmæli og margt fleira. Eins eru þau í góðu samstarfi við eldri borgara og héldu Nikkuball í níunda sinn í sumar fyrir þennan aldurshóp, einnig sjá þau um mánaðarlega viðburði fyrir eldri borgara í Selinu. Ungmennaráð Seltjarnarness fundaði með bæjarstjórn Seltjarnarness um málefni ungs fólks. Ungmennaráðið á áheyrnarfulltrúa sem sitja í nefndum og ráðum bæjarins, að ósk ungmennaráðs var gert hlé á nefndarstörfum ráðsins á haustönn 2019, meðan endurnýjun ungmennaráðsins stendur yfir og munu þau koma aftur inn í nefndir árið 2020.

Alþjóðlegt samstarf ungmennaráðs

Ungmennaráð Seltjarnarness undirbjó samstarfsverkefni með ungmennaráð Viimsi í Eistlandi og fékk Erasmus+ styrk fyrir heimsókn til Eistlands sumarið 2018. Samstarfið leiddi til þess að sumarið 2019 kom ungmennaráð frá Viimsi, Eistlandi í 10 daga heimsókn til Seltjarnarness og dvaldi í Selinu/Skelinni á meðan á heimsókn stóð

Öskudagur

Öskudagsskemmtun er samvinnuverkefni á fræðsluviði. Framkvæmdaaðilar eru Grunnskóli Seltjarnarness, félagsmiðstöðin Selið og foreldrafélagið. Haldnar voru tvær skemmtanir í Mýrarhúsaskóla fyrir 1.-3.bekk og 4.-6. bekk sem heppnuðust mjög vel.

Sumarnámskeið

Selið sér um sumarnámskeið fyrir börn á aldrinum 6 - 12 ára. Námskeið sem börnunum stóð til boða voru leikja-ævintýra- og survivornámskeið. Einnig var starfræktur smíðavöllur í samstarfi við garðyrkjustjóra Seltjarnarness.

Selið og Vinnuskólinn

Hver vinnuflokkur fékk jafningjafræðslu. Tvö ungmenni af Seltjarnarnesi eru í hópi jafningjafræðara Hins Hússins og sjá þau um fræðsluna á Seltjarnarnesi undir handleiðslu starfsmanna Selsins.

Sumarnámskeið og tómstundir eldri borgara

Ungmenni á aldrinum 18- 20 ára sjá um kennslu og héldu utan um sjallsíma-og spjaldtölvunámskeið fyrir eldri borgara á Seltjarnarnesi ásamt því að sjá um ýmsa tómstundadagskrá með eldri borgurum yfir sumartímann.

Lykiltölur

	2015	2016	2017	2018	2019
Frístundamiðstöð Seltjarnarness					
Frístundaheimilið Skjólíð					
Nemendur í Skjóli/frístund (1. – 4. bekkur)	160	160	160	163	169
Meðaldvalartími nem. á dag í klst.	2,5	2,5	2,5	2,5	2,5
Félagsmiðstöðin Selið					
Heildarfjöldi heimsóknna	9.815	9.923	9.753	10.027	9.864
Sumarnámskeið Selsins					
Fjöldi barna skráð á leikjanámskeiðum	171	133	167	111	160
Fjöldi barna skráð á ævintýranámskeiðum	42	42	52	85	71
Fjöldi barna skráð á Survivor-námskeiðum	40	45	42	40	52
Fjöldi barna skrá á Smíðavalla - námskeið	49	71	31	37	28
Heildarfjöldi á sumarnámskeiðum Selsins	302	291	292	273	329

Menningar- og samskiptasvið

Aðsetur: Bæjarskrifstofa Seltjarnarness, Austurströnd 2

Sími: 5959 100 Bréfsími: 5959 101

Veffang: www.seltjarnarnes.is

Vefpóstur: maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is

Afgreiðslutími: Mánudaga – fimmtudaga kl. 8:00 – 16:00.

Föstudaga kl. 8:00-14:00.

Sviðsstjóri: María Björk Óskarsdóttir

Fjöldi starfsfólks: 8

Fjöldi stöðugilda: 5,3

Undir meginábyrgð sviðsins falla annars vegar menningarmál bæjarins og hins vegar samskipta- og almannatengsl. Undir fyrri liðinn falla rekstur Bókasafns Seltjarnarness, reglubundnir menningarviðburðir, samræming og innleiðing á menningartengdri starfsemi og hátíðarhöldum bæjarins auk framkvæmdar á ákvörðunum menningarnefndar. Einnig ábyrgð á Náttúrugripasafni Seltjarnarness, skráningu listaverka, ljósmyndasafni, Fræðasetri Gróttu og söfnum á Seltjarnarnesi auk málefna ferðaþjónustu. Undir síðari liðinn falla umsjón með heimasíðum og samskiptasíðum Seltjarnarness og Bókasafnsins, miðlun fréttu úr bæjarfélaginu, útgáfu kynningarrita fyrir bæjarfélagið, kynningarmál og samskipti við fjölmiðla, félagasamtök, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

Viðburðir 2019

Bæjarlistamaður Seltjarnarness

Sólveig Pálsdóttir, rithöfundur var tilnefnd Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2019 við hátíðlega athöfn á Bókasafni Seltjarnarness föstudaginn 18. janúar. Sólveig heimsótti sem bæjarlistamaður nokkur félagasamtök á Seltjarnarnesi, hún var gestur sögustundar á Bókasafni Seltjarnarness þar sem hún las á lifandi hátt Línu Langsokk fyrir börnin. Sólveig var fjallkonan á 17. júní og kom fram á bókmenntakvöldi bókasafnsins í nóvember. Sólveig er 23. bæjarlistamaður Seltjarnarness.

17. júní hátíðahöld

17. júní hátíðarhöldin fóru fram í sjöunda sinn í Bakkagarði í algjöru blíðskaparveðri. Lalli töframaður stýrði hátíðarhöldunum og skemmti gestum með töfrabrögðum en auk hans komu fram Lúðrasveit Seltjarnarness og Ronja Ræningjadóttir söng á ævintýralegan hátt fyrir smáa sem stóra. Söngkonan Bríet söng nokkur lög og rappararnir sívinsælu JóiPé og Króli tróðu upp eins og þeim einum er lagið. Hátíðarræðu flutti Guðrún Jónsdóttir formaður menningarnefndar. Fjallkonan var Sólveig Pálsdóttir, rithöfundur og bæjarlistamaður. Hún flutti ljóðið Ísland eftir Margréti Jónsdóttur. Öll afþreying á svæðinu var gjaldfrjál en í boði voru vatnaboltar, lasertag, hestateymingar, bátasiglingar, hoppukastalar, rennibraut, þrautabraut, andlitsmálun og fleira auk þess sem trúðar og stultufólk spókaði sig á meðal þjóðhátíðargestanna. Fjölbreytt veitinga- og vöruúrval var í sölutjöldum á svæðinu í umsjón íþróttu- og félagasamtaka. Aldrei fleiri eða ríflega 4000 manns sóttu hátíðina og virtust njóta sín hið besta í einstaklega góðu veðri þetta árið.

Jónsmessuganga

Mikið blíðviðri var í Jónsmessugleðinni á Seltjarnarnesi sem haldin var mánudaginn 24. júní og fjölmenntu Seltirningar og aðrir gestir í þessa skemmtilegu göngu en um 200 manns tóku þátt. Safnast var saman við hákarlahjallinn þar sem gestum var boðið að reka inn nefið og gæða sér á hákarli úr hjallinum í boði Sigurðar Jóhannessonar. Guðmundur Jón Helgason leiddi gönguna að þessu sinni. Gengið var frá Hákarlahjallinum út að Snoppu og að fiskitrönunum, lögguhliðinu og staðnum þar sem æskuheimili hans, hinn sögufrægi Nýibær hafði staðið. Guðmundur sagði á skemmtilegan hátt frá þessum og fleiri markverðum stöðum og minningum frá uppvaxtarárunum. Þaðan arkaði hópurinn að Nesstofu þar sem að hjónin Haraldur Jóhannsson og Fjóla G. Friðriksdóttir sögðu frá tíma sínum þar en Haraldur ólst upp í Nesstofu og móðir hans var síðast ábúandinn. Fólki gafst ennfremur kostur á að skoða Nesstofu. Jónsmessugangan endaði svo á fallega torginu við Seltjörn, nýja hjúkrunarheimilið þar sem að Kristján Sigurðsson stjórnandi þess sagði frá hvernig lífið á Seltjörn hafði gengið frá opnun þess. Gestum var boðið upp á veitingar og Bjarki Harðarson spilaði skemmtileg lög á harmonikkuna. Gangan var fróðleg og göngugestir sátir og sælir þetta fallega sumarkvöld.

Fjölskyldudagur í Gróttu

Fjölskyldudagurinn í Gróttu var í annað sinn haldinn í lok sumars, laugardaginn 31. ágúst og tengdur við Bæjarhátíðina helgina 30. ágúst – 1. september. Veðrið var með ágætum þennan dag sem varð til þess að mörg hundruð manns gerðu sér ferð út í eyju og nutu þess sem þar var boðið upp á. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá fyrir börn og fullorðna og var Gróttuviti eitt helsta aðráttaraflið sem endranær. Tónlistarmaðurinn og trúbatorinn Svavar Knútur spilaði og söng fyrir gesti bæði í Fræðasetrinu og í Albertsbúð. Margrét Arnardóttir spilaði á harmonikku um alla eyju og uppi í vita gestum til mikillar ánægju. Í Fræðasetrinu skoða lífríki sjávarins á rannsóknarstofunni en Þorkell Heiðarsson líffræðingur og sviðsstjóri Fjölskyldu- og húsdýragarðsins aðstoðaði gesti við að rannsaka lífríkið úr fjörunni við Gróttu. Í Vitavarðarhúsinu var Viktor Pétur Hannesson listamaður með myndlistarsýninguna Afleggjarinn auk þess sem hann stóð fyrir myndasmiðju þar sem að börn gátu gert sín eigin grafíklistaverk. Söngstund barnanna var haldin í Albertsbúð auk þess sem félagar í Rótarýklúbbi Seltjarnarness voru á staðnum og sögðu gestum frá sögu hússins. Soroptimstasystur á Seltjarnarnesi sáu um vöfflukaffi og grilluðu pylsur sem selt var á sanngjörnu verði til styrktar góðu málefni. Klifurmeistarar úr Klifurhúsinu klifu niður Gróttuvita en Spiderman sýndi meðal annars listir sínar. Félagar úr Björgunarsveitinni Ársæli sáu ennfremur um að ferja þá gesti sem þurftu yfir eiðið. Gestir í Gróttu virtust njóta sín vel og vera sátir með daginn.

Bæjarhátíð Seltirninga

Menningar sviðið lagði hönd á plóg við viðburði, skipulagningu, aðstöðu og kynningu á Bæjarhátíð Seltirninga sem fram fór í sjötta sinn dagana 30. ágúst - 1. september. Íbúar voru að vanda hvattir til að skreyta hverfi bæjarins í sínum hverfislit en ekki fer mörgum sögum af því hvernig til tókst í heildina. Á föstudagskvöldinu hélt Tindatríóið ásamt Friðriki Vigni organista fjölmenna óskalagátónleika í Seltjarnarneskirkju. Hjónin Pétur og Rut buðu bæjarbúum að skoða legósafn og sýningu í bílskúr Tjarnarbóli á laugardeginum og um kvöldið

var svo sannkölluð útihátíðarstemning á Vallarbrautarróló. Það var vaskur hópur íbúa sem hélt utan um þennan skemmtilega viðburð. Metþátttaka var en yfir 600 manns, börn og fullorðnir komu þar saman úr öllum hverfum bæjarins og áttu góða samverustund. Tuddinn grillbíll seldi hamborgara og hægt var að kaupa ýmsar veitingar. Seltirningurinn Bjartur Logi Finnsson sló algjörlega í gegn sem trúbator og hljómsveitin Húdd hélt svo uppi stemningunni langt fram á kvöld. Græn messa og grænmetismarkaður voru í Seltjarnarneskirkju á sunnudeginum og Nesklúbburinn bauð upp á skemmtilegt fjölskyldugolf og þrautir á golfvellingum.

Fornleifauppgröftur

Samningur milli Námsbrautar í fornleifafræði við Háskóla Íslands og Seltjarnarneskaupstaðar var endurnýjaður, en í honum felst samkomulag um sköpun kennsluvettvangs fyrir fornleifafræðirannsóknir á safnasvæði í landi Ness á Seltjarnarnesi. Fornleifauppgröfturinn fór nú fram í sjöunda sinn á tímabilinu 19. – 30. ágúst norðan megin við nýja safnhúsið.

Menningarhátíð Seltjarnarness

Menningarhátíð Seltjarnarness var haldin hátíðleg dagana 31. október – 3. nóvember sl. Dagskrá hátíðarinnar var afar fjölbreytt en um 40 viðburðir og sýningar voru í gangi víðsvegar um bæinn. Seltirningar og aðrir gestir fjölmenntu á flesta viðburði hátíðarinnar og virtust njóta vel þess sem boðið var upp á. Stöðugur straumur fólks var á Bókasafn Seltjarnarness þar sem boðið var upp á fjórar ólíkar sýningar þ.e. Ný sýn, myndlistarsýning Kristínar Pálmadóttur, Útskornir leiðtogar – sýning á stytum úr safni Gunnlaugs A. Jónssonar, Ferill Þórarins Eldjárns og Listamenn leikskólans. Myndlistarsýning grunnskólabarna var sett upp á Eiðistorgi en þar voru sýnd tæplega 500 verk. Skapandi fyrirtæki á Eiðistorgi vöktu einnig athygli fyrir skapandi sýningar og buðu gestum að skoða. Mikill fjöldi gesta sótti sýningu Guðrúnar Einarsdóttur í Nesstofu og ljósmyndasýningu Valgeirs Gestssonar auk þess sem áhugasamir skoðuðu Lyfjafræðisafnið. Sett var upp einstök sýning, Gæludýrið mitt, á ljósastaura á Lindarbraut sem vakti mikla athygli gangandi vegfarenda og á Örnunni ís og kaffi mátti skoða Uppáhalds stað nokkurra Seltirninga. Boðið var upp á fjölda tónlistaratriða á hátíðinni og leiksýningu fyrir börnin svo dæmi sé tekið. Mörg hundruð manns gæddu sér af morgunverðarhlaðborði á Eiðistorgi á laugardagsmorgninum, spjölluðu við mann og annan. Fjölmenni tók þátt í stríðsminjagöngunni sem þótti virkilega fróðleg. Alger húsfullir var svo í Félagsheimilinu á heiðursdagskrá um Þórarinn Eldjárn rithöfund og lá stundum við að þakið myndi rifna af svo mikið var hlegið. Í heild sinni var menningarhátíðin velheppnuð og þótti áhugaverð.

Áramótabrenna

Áramótabrennan var haldin á vegum sviðsins en starfsmenn áhaldahússins stóðu fyrir framkvæmd hennar. Um 2000 manns fögnuðu við brennunna við söng og harmonikkuleik Hermanns Arasonar.

Menningarstyrkir

Menningarnefnd Seltjarnarness styrkti eftirfarandi menningarviðburði árið 2019: Selkórinn fékk fastan árlegan styrk að upphæð 600.000 kr. samkvæmt 3ja ára samkomulagi. Hljómsveitirnar Salsakommúnan og Mezzoforte fengu tímabundin afnot af Félagsheimilinu til æfinga án endurgjalds. Á móti afnotunum kom Salsakommúnan fram á Tónstöfum á bókasafninu í apríl og Friðrik Karlsson ásamt tveimur öðrum fram á Safnanótt í febrúar 2020.

Nokkrir einstaklingar fengu styrk eða stuðning með einum eða öðrum hætti vegna framlags þeirra á Menningarhátíð Seltjarnarness 2019.

Fræðasetrið í Gróttu

Starfsemi Fræðasetursins í Gróttu var með hefðbundnum hætti árið 2019. Ýmsir nemendahópar sóttu Gróttu heim og dvöldu þar um lengri eða skemmri tíma undir leiðsögn kennara eða foreldra. Góð aðstaða er í húsinu til að taka á móti hópum og ýmis búnaður til kennslu, rannsókna, verkefnavinnu, vettvangsferða, funda, veisluhalda og sýninga. Upplýsingar um Fræðasetrið er að finna á heimasíðu bæjarins og þar er einnig að finna flóðatöflur sem veita upplýsingar um hvenær er hægt að komast út í Gróttu.

Lykiltölur

Fræðasetrið í Gróttu	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Fjöldi gistinguátta í Gróttu	11	17	14	14	8	46
Heimsóknir skólahópa	6	4	5	11	2	12
Viðburðir, veislur, fundir o.fl.	6	2	8	9	30	13
Fjöldi leigu/lánsdaga á húsnæðinu (ásamt langtímaleigu)	33	23	30	34	40	57

Bókasafn Seltjarnarness

Eiðistorgi 11, 2.hæð

Sími: 5959 170

Veffang: www.seltjarnarnes.is/bokasafn

Afgreiðslutími: Mánudaga - fimmtudaga 10-19

Föstudaga 10-17 og laugardaga 11-14.


Vefpóstur: bokasafn@seltjarnarnes.is

Forstöðu safnsins veitir: María Björk Óskarsdóttir

Fjöldi starfsmanna: 7 og fjöldi stöðugilda: 4,3

Bókasafn Seltjarnarness er menningar-, mennta- og upplýsingastofnun. Meginmarkmið safnsins er að efla lýðræði, jafnrétti, athafnafrelsi og velferð borgaranna. Þjónustan skal ná til allra, án tillits til aldurs, kynferðis, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúarbragða, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu. Það skal leitast við að jafna aðgang að upplýsingum, þekkingu og afþreyingu og standa vörð um íslenska tungu, bókmenntir og menningararf og hvetja til lesturs, náms og símenntunar. Bókasafnið er með virkt samstarf við stofnanir bæjarins og tekur reglulega á mótí hópum úr leikskóla og grunnskóla Seltjarnarness. Einnig á safnið í góðu samstarfi við nágrennasveitarfélögin um útlán, símenntun og menningarstarfsemi.

Starfsemi Bókasafns Seltjarnarness var með hefðbundnu sniði árið 2019. Fjöldi titla jókst um rúm 37% á milli ára og eintakafjöldi jókst um tæpt 1%. Fjöldi skirteinishafa hækkaði um 0,10 % og útlán jukust um 1,5%. Áberandi mikil aukning gesta var á safninu.



Helstu verkefni 2019

Helstu verkefni Bókasafns Seltjarnarness árið 2019 utan hefðbundinnar starfsemi fólust í skipulagningu á fjölbreyttu menningar- og félagsstarfi fyrir bæjarbúa og aðra gesti Bókasafnsins. Megináhersla í starfsemi Bókasafnsins árið 2019 voru viðburðir og dagskrá fyrir safnnotendur. Lögð var áhersla á áhugaverða og uppbyggjandi fyrirlestra m.a. um hvers kyns sjálfstyrkingu, bókmenntakvöld með rithöfundum, leiðsagnir um yfirstandandi sýningar í Gallerí Gróttu. Átaki framfylgt í framsetningu bóka og kynninga á þeimum hverju sinni.

Gallerí Gróttu

Sýningarárið í Gallerí Gróttu hófst með sýningu myndlistarkonunnar Soffíu Sæmundsdóttur – ÓRÆTT LANDSLAG. Alls voru sýningar í Gallerí Gróttu 9 talsins. Sýningar og sýnendur auk Soffíu voru þau Rósa Sigrún Jónsdóttir – STRÚKTÚR, Marta María og Kristín Elva – PLÖNTUR, Alistair Kim Macintyre – ROFMÁTTUR TÍMANS, Anna Þóra Karlsdóttir - DULUR, Hulda Vilhjálmsdóttir - VÍÐÁTTA, Þorvaldur Jónsson, Guðlaug Friðriksdóttir og Ragnar G. Einarsson – LETUR OG LIST, Kristín Pálmadóttir – NÝ SÝN og Katrín Matthíasdóttir – Fjarstjörnur og fylgihnettir.

Tónstafir

Sex tónleikar voru haldnir á árinu undir heitinu Tónstafir en um samstarfsverkefni Bókasafnsins og Tónlistarskóla Seltjarnarness er að ræða. Á Tónstöfum vetrarins komu Kári og kennararnir í Tónlistarskólanum fram á Safnanótt og léku Dixietónlist. Hljómsveitirnar Bagdad Brothers, Salsakommúnan og jazz tríó. Haldnir voru sérstakir afmælistónleikar til heiðurs Jóhanni Helgasyni tónlistarmanni en þar komu nemendur og kennarar Tónlistarskólans fram og léku lög eftir Jóhann. Skólalúðrasveitir Tónlistarskólans slógu svo botninn í Tónstafatónleikaröð ársins með JólaTónstöfum.

Fyrirlestrar / Erindaraðir

Boðið var upp á tvo uppbyggilega fyrirlestra á vormánuðum þar sem áhersla var lögð á sjálfstyrkingu og vellíðan. Annars vegar hélt Bjarni Fritzon sálfræðingur erindi um sjálfstyrkingu stráka, eflingu og sjálfsmýndar, sjálfstrausts og frumkvæðis. Anna Steinsen þjálfari og eigandi KVAN hélt svo erindi um heilbriggt sjálfstraust og mikilvægi þess að sjá jákvæðu hlutina í eigin fari og annarra.

Bókmenntakvöld

Bókmenntakvöld eru alla jafna haldin fyrsta þriðjudag í mánuði yfir vetrartímann. Þar eru ólík bókmenntaverk rædd og krufin til mergjar með höfundum og taka gestir þátt með spurningum og spjalli. Höfundar sem sóttu safnið heim á árinu 2019 voru: Auður Ava Ólafsdóttir, Hallgrímur Helgason, Guðrún Eva Mínervudóttir, Kjartan Ólafsson, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Sólveig Pálsdóttir bæjarlistamaður og Andri Snær Magnason.

Sögustund

Sögustundir bókasafnsins fyrir yngstu börnin voru haldnar tíu sinnum yfir vetrarmánuðina og eiga þær sinn dygga aðdáendahóp. Einnig voru eins og síðustu ár sögustundir fyrir leikskóla. Þær voru haldnar einu sinni í viku, oftast tveir hópar í senn og voru þær vel sóttar. Sögustundir fyrir leikskóla er samstarfsverkefni Bókasafns Seltjarnarness og Leikskóla Seltjarnarness.

Sumarlestur

Frábær þátttaka var í sumarlestri Bókasafns Seltjarnarness og efnt var til uppskeruhátíðar þann 9. september. Öll börn voru boðin velkomin, afhent voru verðlaun og viðurkenningar fyrir þátttöku og árangur. Bergrún Íris Sævarsdóttir rithöfundur og handhafi Íslensku bókmenntaverðlaunanna las fyrir börnin, fjallaði um bækur sínar, teikningarnar og mikilvægi lesturs.

Safnanótt

Safnanótt fór fram þann 8. febrúar og skartaði fjölbreyttri dagskrá þar sem skrímsli voru meginþemað. Á þriðja hundrað gestir sóttu Safnanótt í Bókasafni Seltjarnarness í gær föstudaginn 8. febrúar. Metnaðarfull dagskrá var á bókasafninu þar sem VÍSINDA-Villi hóf fjörið og gerði tilraunir úr bókunum sínum og spjallaði við krakkana um vísindi og mikilvægi þess að vera forvitinn. Af mörgu var að taka í þéttri og skemmtilegri dagskrá: Krakkar úr Való. Þær Arna Diljá, Auður Halla, Jenný og Júlía sungu "Ekkert mál" og „Með allt á hreinu“. - Jenný Guðmundsdóttir söng „Rolling in the deep og My heart will go on“. BINGÓ var spilað í þrígang um kvöldið og fjöldi góðra vinninga í boði. Hljómsveitirnar SKELINNI Ungmennahúsi Seltjarnarness fluttu nokkur lög. Dixie-bandið skipað kennurum Tónlistarskóla Seltjarnarness skemmtu gestum með tónlist í hressari kantinum. Soffía Sæmundsdóttir tók á móti gestum á sýningu sína Órætt landslag í Gallerí Gróttu. Myndlistarsýningar leikskólanna á Nesinu voru til sýnis á safninu. VÍSINDA-Rattleikur - VÍSINDA-Getraun VÍSINDA-Bíó. Óhætt er að segja að gestir skemmtu sér afar vel eins og glögggt má sjá á meðfylgjandi myndum. María Björk Óskarsdóttir sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs stýrði Safnanótt Bókasafns Seltjarnarness ásamt Kristínu Arnþórsdóttur upplýsingafræðingi og menningarmiðlara og öðru starfsfólki safnsins.

Barnameningarhátíð

Blásið var til Barnameningarhátíðar Seltjarnarness fimmtudaginn 11. apríl og voru allir boðnir velkomnir. Hátíðin fór fram á Eiðistorgi, í Bókasafninu og Gallerí Gróttu. Mikill fjöldi barna, foreldra og annarra aðstandenda tóku þátt í hátíðinni og var mál manna að hún hafi verið afar velheppnuð og skemmtileg. Dagskráin var fjölbreytt, engin aðkeypt atriði heldur voru börn og ungmenni á Seltjarnarnesi í öllum aðalhlutverkum á hátíðinni. Listsköpun þeirra og framkoma vakti mikla lukku og aðdáun allra gesta.

Eiðistorgið var skreytt með myndskreyttum veifum krakkanna á leikskólanum og í Mýró og á torginu var einnig sett upp „Draumatré“ þar sem að krakkarnir gátu skrifað draumana sína á miða og límt á tréð. Um 230 leikskólabörn komu fylktu liðið í skrudgöngu í lögreglufylgd undir dúndrandi trommuslætti og með bæjarstjórnann í broddi fylkingar. Krummi Kaldal og Salka Sigmarsdóttir nemendur í Valhúsaskóla stóðu sig með mikilli prýði sem kynnar hátíðarinnar. Leikskólabörnin sungu af mikilli innlifun þar sem þau túlkuðu með eigin listaverkum hringrás vatnsins. 10-12 ára telpur í dansskóla DWC á Seltjarnarnesi sýndu dansinn Úlfarnir í Mowgli og gestir fengu að sjá Brot úr vorsýningu Ballettskólans Dúkkuverkstæðið. Rauða Myllan – Brot úr árshátíðarleikriti Valhúsaskóla og Lúðrasveit Tónlistarskólans spilar af einskærri snilld á milli atriða. Á bókasafninu var sett upp myndlistar- og hönnunarsýning nemenda úr Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla, Melkorka Gunborg 19 ára nemandi Tónlistarskólans lék á píanó fyrir gesti. Fræðandi fuglaþraut var í boði á safninu, spennandi bókaratleikur, páskahappdrætti og auðvitað góðir vinningar í boði. Arna ís bauð börnum upp á ískúlu og fjölskyldutilboð var hjá Rauða ljóninu í tilefni dagsins.

Rithöfundakynningar

Hin árvissa höfundakynning Bókasafns Seltjarnarnarness fór fram þann 19. nóvember. Marianna Clara Lúthersdóttir heimspekingur og bókmenntarýnir stýrði umræðum. Höfundarnir sem kynntu verk sín voru Pétur Gunnarsson, Ragnar Jónasson, Sjón og Steinunn Sigurðardóttir. Veitingar voru í boði og rúmlega 130 manns sóttu viðburðinn.

Aðrir viðburðir og sýningar

Sérstakar sýningar og uppstillingar í Bókasafninu þetta árið tengdust afmælum, dánardögum, heiðursverðlaunum og einstaka alþjóðlegum viðburðadögum sem og árstíðabundnum útlánunum;

<i>janúar</i>	Tryggvi Ólafsson
<i>janúar</i>	Ný prjóna- og handavinnublöð
<i>janúar</i>	Þorrinn og Þjóðtrúin
<i>janúar</i>	Fjarlægur heimur: Suður- og Mið-Ameríka (ekki skáldsögur)
<i>janúar</i>	Íslensku bókmenntaverðlaunin 2019
<i>febrúar</i>	Allt um pottaplöntur
<i>mars</i>	Hallgrímur Helgason
<i>mars</i>	Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, tilnefningar 2019
<i>mars</i>	Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, íslenskir vinningshafar frá byrjun
<i>mars</i>	Íslensku tónlistarverðlaunin 2018, tilnefningar og heiðursverðlaun Jón Ásgeirsson
<i>apríl</i>	Bækur með „sumar“ í titlinum
<i>apríl</i>	Alþjóðajassdagurinn 30. apríl
<i>apríl</i>	Verkalýðsdagurinn 1. Maí
<i>maí</i>	Ingibjörg Þorbergs
<i>maí</i>	Ferðalög innanlands
<i>maí</i>	Prjónablöð
<i>maí</i>	Bónus-ljóð og fleiri ljóð
<i>júní</i>	19. júní
<i>júní</i>	Það sem gerðist á tugum frá 1899-2019
<i>júlí</i>	Hulda (Unnur B. Bjarklind, gert samhliða sýningu í Mosó)
<i>júlí</i>	Nýjar ferðabækur
<i>ágúst</i>	Toni Morrison
<i>ágúst</i>	hinsegin bækur
<i>ágúst</i>	Halldór Laxness –ýmsar bækur
<i>ágúst</i>	Birgir Sigurðsson 1937-2019
<i>september</i>	Nýtt á fjölnum og hjá Sinfó
<i>september</i>	80 ár frá upphafi seinni heimsstyrjaldar
<i>september</i>	Ian McEwan, Alþjóðleg bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness 2019
<i>október</i>	Orka – matur sem gefur orku
<i>október</i>	Heilsa og heilsuvernd alls konar

Örsýningar: Sólveig Pálsdóttir bæjarlistamaður– Þórarinn Eldjárn heiðurslistamaður.

Alls voru haldnir 134 viðburðir á safninu árið 2019 sem 4718 gestir sóttu og er mikil fjölgun eða um 28%. Þar af voru 78 viðburðir fyrir börn og fjöldi gesta sem sótti þá þetta árið voru 1.659. Bókasafnið lánaði eða leigði aðstöðu sína fyrir 11 viðburði sem 275 manns sóttu.